

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ



Sjálfsmatsskýrsla
2023-2024

Efnisyfirlit

1.	Stefna og markmið FG	2
2.	MAT Á SKÓLASTARFI.....	2
3.	MARKMIÐ	2
3.1.	Fjöldi nemenda	3
4.	SKÓLANÁMSKRÁ FG.....	4
4.1.	Starfslýsingar	4
5.	YFIRLIT SJÁLFSMATS	4
5.1.	Helstu matsþættir.....	5
5.2.	Skýrslur kennslustjóra.....	7
5.3.	Viðhorf nemenda.....	8
5.4.	Starfsmannasamtöl og líðan starfsfólks	12
5.5.	Forvarnir og öryggi á vinnustað	12
5.6.	Námsmat	13
5.7.	Námsáætlanir	13
5.8.	Kennslukerfi í INNU	13
5.9.	Starfsþróun kennara	13
5.10.	Umsjónarkerfið.....	14
5.11.	Úttekt á deildum.....	14
5.12.	Mat á starfi stjórnenda	17
6.	Önnur starfsemi.....	17
6.1.	Bókasafn	17
6.2.	Þjónusta skrifstofu, kerfisstjóra, umsjónarmanns fasteigna og skólaliða	18
6.3.	Námsráðgjöf	18
6.4.	Nemendur í brotthvarfshættu.....	19
	Brotthvarf dagskólanemenda í FG árin 2014–2024*	19
7.	LOKAORÐ	20

1. Stefna og markmið FG

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ (FG) var formlega stofnaður 1. ágúst 1984 og starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008 en þar er kveðið á mati og eftirliti með gæðum skuli háttað í framhaldsskólum á Íslandi. Skal hver framhaldsskóli meta árangur og gæði skólastarfsins með kerfisbundnum hætti í samræmi við markmiðin sem birtast hér fyrir neðan og skal það gert með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Sjálfsmatsskýrslur FG eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

Hlutverk skólans er að stuðla að alhliða þroska nemenda, búa þá undir störf í atvinnulífinu og frekara nám í sérskólum og háskólum. Auk almennra markmiða leitast Fjölbrautaskólinn í Garðabæ við að vera virkt afl í menningarlífi Garðabæjar.

Markmið

1. Að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun til menntamálayfirvalda, starfsfólks, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda.
2. Að tryggja að starfsemi skólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla.
3. Að auka gæði skólastarfs og stuðla að umbótum
4. Að tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Starfsemi Fjölbrautaskólans í Garðabæ er mótuð í samræmi við stefnuskrá skólans og birt á [heimasíðu skólans](#). Endurskoðun stefnuskrárinnar er í höndum samráðsfundar stjórnenda, kennarafundar, skólaráðs og skólanefndar. Skólinn er jafnlaunavottaður og fékk endurnýjun jafnlaunavottunar til ársins 2026 á vordögum 2023. Haustið 2024 verða 40 ár frá fyrstu brautskráningu úr skólanum.

2. MAT Á SKÓLASTARFI

Mennta- og menningarmálaráðuneytið lét gera ytri úttektir á starfsemi FG árin 2013 og 2019. Lokaskýrslur þeirra úttekta eru birtar á [heimasíðu skólans](#) sem og umbótaáætlanir sem unnar voru í kjölfarið.

Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf það stöðugt að vera í gangi.

Í skólanum eru gerðar margvíslegar kannanir meðal nemenda og starfsmanna þar sem spurt er um ýmislegt sem varðar kennsluna, líðan nemenda, stjórnunarhætti í skólanum og hugmyndafræði hans, aðbúnað nemenda og starfsmanna, álit nemenda og kennara á námsáföngum sem kenndir eru, árangur skólastarfsins svo og traust og ánægju hagsmunaaðila. Heildarniðurstöður allmargra þessara kannana hafa birst í sjálfsmatsskýrslum fyrri ára og er svo einnig nú. Rétt er taka fram að í þessari sjálfsmatsskýrslu eru aðeins dregnar fram helstu niðurstöður sem komu fram við úrvinnslu þeirra gagna sem sjálfsmatið tekur til.

3. MARKMIÐ

Fjölbrautaskólinn í Garðabæ er áfangaskóli sem býður upp á fjölbreytt nám á framhaldsskólastigi sem getur þjónað ólíkum þörfum ungs fólks. Markmið skólans er að bjóða nemendum upp á fyrsta flokks nám óháð getu hvers og eins og fyrsta flokks þjónustu. Markmiðum sínum hyggst skólinn ná með

öflugum, vel menntuðum og samstíga kennarahópi, jákvæðu starfsfólki og nemendum sem kosið hafa að stunda hér nám.

Námsframboð er í sífelldri endurskoðun. Boðið er upp á eftirtaldar námsbrautir: Bóknámsbrautir til stúdentsprófs: **Alþjóðabraut** með fimm mismunandi sviðum; alþjóðasamskiptasviði, menningarsviði, viðskiptasviði, list- og verkgreinasviði og íþróttasviði; **félagsvísindabraut**; **hönnunar- og markaðsbraut** með þremur mismunandi sviðum; hönnunarsviði, markaðssviði og fata- og textílsviði; **náttúrufræðibraut** með tveimur mismunandi sviðum; heilbrigðissviði og tæknisviði og **viðskiptabraut**. Auk þess býður skólinn upp á tvær sérhæfðar brautir til stúdentsprófs: **íþróttabraut** og **listnámsbraut** með fjórum mismunandi sérhæfðum áherslum (fata- og textílhönnunarsviði, leiklistarsviði, myndlistarsviði og tónlistarsviði í samvinnu við tónlistarskóla). Auk ofantaldra brauta eru styttri brautir í boði, menntabraut og framhaldsskólabraut þó ekki hafi útskrifast nemendur af þeim brautum síðan vorið 2021. Öflug **sérnámsbraut** er einnig starfandi við skólann. Allar námsbrautalýsingar eru aðgengilegar á [heimasíðu skólans](#).

3.1. Fjöldi nemenda

Samkvæmt talningu skólans voru 801 nemandi á haustönn 2023, 817 á miðönn og 861 nemandi á vorönn 2024 í dagskóla og fjarnámi. Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu fjölgaði nemendum í fjarnámi nokkuð en í töflunni má sjá samanburð á fjölda nemenda í skólanum frá haustönn 2009:

Önn	Dagskóli	Fjarnám	Leikskólabraut	Samtals
2009-2	706	170	46	922
2010-1	662	137	38	837
2010-2	711	140	39	890
2011-1	716	165	36	881
2011-2	734	127	27	888
2012-1	691	115	20	806
2012-2	745	161	26	932
2013-1	665	116	21	802
2013-2	728	193	30	951
2014-1	678	160	28	866
2014-2	766	171	58	995
2015-1	669	158	42	869
2015-2	698	173	53	924
2016-1	633	212	51	896
2016-2	736	140	41	917
2017-1	670	128	38	836
2017-2	722	105	23	850
2018-1	659	101		760
2018-2	725	68		793

2019-1	634	82		716
H 2019	722	69		781
M 2019-20	652	57		709
V 2020	641	97		738
H 2020	738	79		817
M 2020-21	698	99		797
V 2021	680	99		783
H 2021	745	56		801
M 2021-22	687	65		752
V 2022	665	75		740
H 2022	721	77		798
M 2022-23	664	77		741
V 2023	661	110		771
H 2023	730	171		801
M 2023-2024	661	156		817
V2024	669	192		861

4. SKÓLANÁMSKRÁ FG

Skólanámskrá endurspeglar það sem fram fer og stefnt er að í skólastarfi. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að þeir, sem skólastarfið snýst um, séu með í ráðum. Kennarar einstakra námsgreina hafa töluvert svigrúm til að setja mark sitt á áfanga. Forvarnarfulltrúi þarf að vera leiðandi í stefnumörkun og framkvæmd forvarnarstarfsins. Sjónarmið nemenda þurfa að fá hljómgrunn í öllum þáttum skólastarfsins. Skólanámskráin þarf að vera í stöðugri endurskoðun til þess að hún sé raunhæf og gagnleg lýsing á skólastarfinu. Gildandi námskrá má finna á [heimasíðu skólans](#). Frá og með hausti 2015 byggir námið í skólanum á 202 einingum til stúdentsprófs.

4.1. Starfslýsingar

Mikilvægt er að starfslýsingar endurspegli þau verkefni sem starfsmenn inna af hendi. Þær eru því í stöðugri endurskoðun og eru breytingar settar inn eftir því sem við á. Starfslýsingar eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

5. YFIRLIT SJÁLFSMATS

Í FG er unnið markvisst að því að bæta gæði skólastarfsins og er starfið metið með hliðsjón af gæðamarkmiðum og ýmsum mælikvörðum. Gæðaráð hefur yfirumsjón með sjálfsmati skólans. Gæðaráð fundar á samráðsfundum einu sinni í viku, þá er farið yfir þá þætti skólastarfsins sem bera hæst þá vikuna og helstu áherslur skólastarfsins mótaðar í framhaldinu. Verksvið hópsins er að skipuleggja verkefni, ákveða úttektir og afla gagna ef þurfa þykir. Í ráðinu sitja skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, verkefnastjóri, skrifstofustjóri, tveir kennslustjórar, báðir náms- og starfsráðgjafar og félagsmálafulltrúi. Þessi skipan gæðaráðs tryggir að raddir flestra, bæði starfsmanna og nemenda, komi að stefnumótun, ákvörðun og framkvæmd sjálfsmats hverju sinni.

Hefð er fyrir lýðræðislegum vinnubrögðum við ákvarðanatöku í skólastarfinu og áhersla lögð á að starfsmenn séu virkir þátttakendur í mótun stofnunarinnar og þá um leið í matinu. Þær rannsóknaraðferðir sem notaðar eru ráðast af verkefnum og byggjast á mörgum mismunandi viðurkenndum sjálfsmatsaðferðum. Til að meta árangur er m.a. rýnt í niðurstöður úr viðhorfskönnunum nemenda, starfsmannasamtölum og starfsmannakönnun.

Spurningalisti sem lagður er fyrir nemendur í viðhorfskönnun aðra hverja önn hefur þróast á löngum tíma. Spurningar eru bæði lokaðar og opnar þar sem nemendur geta sagt skoðun sína með eigin orðum á fyrirkomulagi áfanga, kennsluaðferðum sem beitt er og öðrum þáttum sem þeir telja mikilvæga. Athugasemdir nemenda eru síðan ræddar við kennarann sérstaklega þegar skólameistari eða aðstoðarskólameistari fundar með honum um kennslumatið.

Úttektir á einni námsgrein árlega hafa nú verið gerðar tólf sinnum. Þær veita kennurum tækifæri til að skoða eigin frammistöðu í starfi, meta styrkleika sína og veikleika og íhuga hvort og þá hvaða breytingar þeir telja æskilegar eða vilja gera. Mikilvægt er að kennarar jafnt sem stjórnendur átti sig á þeim tækifærum sem slíkar úttektir gefa og nýti sér niðurstöður þeirra til hagsbóta fyrir gott skólastarf. Skólaárið 2022 – 2023 var sjálfsmatið sem fyrr fastur hluti skólastarfsins

Allmargir matsþættir hafa skapað sér fastan sess, mat hvers þáttar fer fram á hverri önn, á hverju ári eða með lengra millibili. Enn aðrir eru í stöðugu matsferli enda beina þeir sjónum sínum að þáttum eins og líðan starfsmanna, öryggi á vinnustað og forvarnarmálum. Enn fleiri þættir skólastarfsins eru teknir út reglulega í þeim tilgangi að hafa heildarsýn yfir starfsemi skólans. Má þar sem dæmi nefna kerfi við mannaráðningar, úttekt á einni námsgrein sérstaklega, formlegri kennslukönnun í öllum áföngum.

Eins og fram kemur hér á eftir eru matsþættir ólíkir, nálgun mats er ýmist meðal nemenda, starfsmanna eða kennslustjóra og annarra stjórnenda.

5.1. Helstu matsþættir

- **Námsárangur.** Einkunnir hvers áfanga eru skoðaðar með tilliti til einkunnayfirlits síðustu anna. Kennslustjórar skoða niðurstöður úr sínum deildum ásamt kennurum áfanga hverju sinni. Niðurstöður eru svo ræddar á fagfundum í deildum. Heildarniðurstöður námsárangurs koma m.a. fram í ræðu skólameistara við skólaslit. Allir nemendur skólans eru hér skoðaðir. Sérstök áhersla er lögð á að kennslustjórar skoði niðurstöður námsárangurs samhliða skýrslum kennara með það í huga að bæta starfið enn frekar. Kennslustjórar skila skýrslu til verkefnisstjóra í lok skólaárs sem tekur saman helstu niðurstöður. Þessar skýrslur endurspeglu þungamiðju alls skólastarfsins, kennsluna sjálfa.
- **Kennslukönnun – mat á kennslu.** Aðra hverja önn er lögð fyrir nemendur rafræn könnun um námsefni, kennsluhætti, undirbúning kennara og almennt mat þeirra á hverjum þeim áfanga sem þeir eru skráðir í. Nemendur svara spurningum í INNU. Spurningar eru bæði í formi krossaspurninga og opinna spurninga. Niðurstöður könnunarinnar berast skólameistara og aðstoðarskólameistara og reglulega taka skólastjórnendur viðtöl við kennara um niðurstöðurnar.
- **Viðhorf nemenda.** Á haust- og vorönn eru haldnir opnir fundir á sal skólans fyrir alla nemendur. Þar sitja stjórnendur skólans og stjórn nemendafélagsins fyrir svörum og nemendum gefst kostur á að koma með tillögur til úrbóta og nýjar hugmyndir. Slíkir fundir hafa verið haldnir í allmörg ár og margar nýjungar í skólastarfinu hafa byggt á hugmyndum sem komu fram á

Þessum fundum. Skólaþing var haldið á miðönn 22-23 þar sem nemendur ræddu ýmis mál er varða námið og skólann. Slíkt þing verður næst haldið á miðönn 24-25.

- **Starfsmannasamtöl.** Reglulega fara fram starfsmannasamtöl. Markmið þeirra er að athuga líðan starfsmanna og farið verður í gegnum nýjar hugmyndir og tillögur sem bæta skólastarfið. Samtölin eru boðuð fyrir fram og uppbygging er á sérstökum blöðum sem dreift er áður. Úrvinnsla er í höndum skólameistara og aðstoðarskólameistara. Skólameistari kynnir helstu niðurstöður og setur fram hugmyndir að úrbótum ef þess þarf. Verkferill liggur fyrir sem skerpir á uppbyggingu og tilgangi samtalanna. Starfsmannaviðtöl fóru síðast fram á í desember 2024.
- **Líðan starfsmanna.** Auk starfsmannasamtalanna er á verkefnalista ýmissa starfsmanna að vera vakandi yfir þáttum sem varða velferð og líðan starfsmanna. Má þar nefna stjórnendur, öryggisnefnd, stjórn starfsmannafélagsins og fleiri. Yfirgripsmikil könnun er gerð árlega á vegum VR/SFR.
- **Öryggi á vinnustað.** Sérstök öryggisnefnd er við skólann sem starfar eftir lögum um slíkar nefndir. Helsta verkefni hennar er að vera vakandi yfir öryggi og hollustuháttum á vinnustað. Nefndin kallar til utanaðkomandi sérfræðinga eftir því sem við á. Ef einhverjum þáttum er ábótavant koma tillögur frá öryggisnefnd um úrbætur, framkvæmd er síðan undir stjórn skólameistara.
- **Forvarnarmál.** Forvarnarfulltrúi ásamt forvarnarteymi stýrir forvarnarmálum í skólanum. Viðvera á dansleikjum og öðrum viðburðum sem haldnir eru í nafni skólans ásamt skipulagning sérstakra viðburða í nafni forvarna eru helstu verkefnin. Forvarnarfulltrúi er í góðu sambandi við forvarnarfulltrúa annarra framhaldsskóla og fundar árlega með þeim. FG er heilsuefandi framhaldsskóli. Forvarnarteymi fundar hálfsmánaðarlega og í lok skólaárs skilar forvarnarfulltrúi skýrslu um starfsemi skólaársins.
- **Námsmat, próf og prófagerð.** Síðustu ár hefur lokaprófum fækkað við skólann og símat farið vaxandi í dagskóla. Þegar lokapróf er tilbúið til ljósritunar hefur það farið í gegnum samningu, faglegan yfirlestur og í boði er að láta íslenskulesa ef vill. Með þessum verkferlum er auðveldara að grípa inn í og lagfæra próf áður en til próftöku kemur. Áfangastjóri hefur yfirumsjón með prófum en kennslustjórar stýra vinnunni í hverri deild fyrir sig. Prófaferlið er rætt og endurskoðað á hverju skólaári.
- **Námsáætlanir.** Í fyrstu kennsluviku hvernar annar eiga allar námsáætlanir að vera tilbúnar. Þær eru birtar í kennslukerfi Innu. Samræmi er í uppsetningu og þess gætt að allar nauðsynlegar upplýsingar komi fram á námsáætluninni. Yfirumsjón er í höndum verkefnastjóra og kennslustjóra viðkomandi deilda. Úttekt var síðast framkvæmd vor 2018. Sífelld endurskoðun fer fram um hvað skuli koma fram í námsáætlunum og mikilvægi þeirra til að fylgjast með námsframvindu.
- **Kennslukerfi í INNU.** Einn liður í því að bæta námsumhverfi nemenda, efla ólíka kennsluhætti og geta þannig mætt þörfum einstakra nemenda enn betur, er notkun kennslukerfisins í INNU. „Turnitin“ tenging við INNU var tekin í notkun á haustönn 2018. Þetta hjálpar kennurum og nemendum við að fylgjast með hvort verið er að nýta heimildir orðrétt í ritsmíðum. Kennarar hafa verið hvattir til að nota námskerfið í öllum áföngum. Sífelld endurskoðun fer fram á kerfinu.
- **Starfsþróun kennara.** Helstu áhersluþætti varðandi starfsþróun starfsfólks má finna í [endurmenntunaráætlun skólans](#). Þar að auki má finna í stofnunarsamningi skólans bókun frá 1. janúar 2023 um styrki sem hvetja til starfsþróunar.

- **Umsjónarkerfi / ástundun nemenda.** Umsjónarkennarar hafa víðtækt hlutverk sem hefur verið í þróun síðustu ár. Nemendur mæta í umsjónartíma þar sem er unnið er að námsferlum og allar orðsendingar til nemenda eiga greiða leið til þeirra. Fylgst er með ástundun og mætingu, farið í gegnum miðannarmat og fleira sem skiptir máli í vinnu nemenda á skólanum og stuðlar að farsælli skólagöngu. Nýnemum er raðað í sérstaka umsjónarhópa, umsjónarkennarar þeirra sjá jafnframt um kennslu hópsins í lífsleikni á fyrstu önn. Hóparnir haldast í tvö ár. Á þriðja ári hitta nemendur áfangastjóra sem fer yfir námsferla þeirra og á síðustu önn hefur aðstoðarskólameistari umsjón með útskriftarefnum.
- **Úttekt á einstökum námsgreinum.** Ein deild er metin árlega með tilliti til allra áfanga sem kenndir eru innan deildarinnar þá önn sem úttektin fer fram. Skoðaðir eru m.a. kennsluhættir, uppbygging kennslustunda, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar. Um leið er þetta frábært tækifæri fyrir stjórnendur að kynnst vel innviðum deildarinnar hverju sinni og vera betur í stakk búnir til að sjá heildarmyndina. Skólaárið 2023-24 fór úttekt fram á vorönn á og var venju samkvæmt undir stjórn aðstoðarskólameistara. Stærðfræðideild var tekin út skólaárið 2023-2024.
- **Mat á starfi stjórnenda.** Á vorönn 2019 var gerð heildstæð úttekt á skólanum á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins en samkvæmt lögum um framhaldsskóla 96/2008 skal slík úttekt gerð á fimm ára fresti. Þar voru störf stjórnenda sérstaklega skoðuð. Könnun meðal nemenda um stjórnendur var síðast framkvæmd á vorönn 2022.
- **Mat á þjónustu bókasafns.** Könnun á þjónustu bókasafnsins þar sem metið er heildrænt bókakostur, þjónusta og vinnuaðstaða nemenda var framkvæmd á vorönn 2022. Umsjónarmaður bókasafns skilar inn skýrslu um starfsemi liðins skólaárs.
- **Mat á þjónustu skrifstofu og netstjóra.** Könnun á þjónustu skrifstofustjóra, skólafulltrúa og netstjóra var framkvæmd á vorönn 2022.
- **Mat á þjónustu námsráðgjafa og forvarnarfulltrúa.** Námsráðgjafar og forvarnarfulltrúi veita mikilvæga þjónustu. Könnun meðal nemenda á starfi þeirra var gerð síðast á vorönn 2022.

5.2. Skýrslur kennslustjóra

Skólaárið 2023-2024 störfuðu við skólann tólf kennslustjórar í ensku, samfélagsgreinum, erlendum tungumálum, stærðfræði, íslensku, viðskiptagreinum, raungreinum, myndlist og fatahönnun, leiklist, íþróttum, fyrir sérnámsbraut og fyrir fjarnám. Kennslustjórar hittast reglulega undir stjórn verkefnastjóra og eiga fulltrúa á samráðsfundum stjórnenda sem haldnir eru í hverri viku. Kennslustjórar skila skýrslum til verkefnastjóra í lok hvers skólaárs. Í skýrslunum velta kennslustjórar fyrir sér því starfi sem fer fram í skólanum. Sérstök áhersla er alltaf á þær kennsluaðferðir og það námsmat sem notað er í skólanum.

Eftirfarandi er samantekt verkefnastjóra úr skýrslum kennslustjóra fyrir skólaárið 2023-24:

Á skólaárinu 2023-2024 störfuðu við skólann 12 kennslustjórar. Þeir skiptust í kennslustjóra í ensku, samfélagsgreinum, erlendum tungumálum, stærðfræði, íslensku, viðskiptagreinum, raungreinum, myndlist og fatahönnun, leiklist og íþróttum. Einnig eru sérstakir kennslustjórar fyrir sérnámsbraut og fjarnám. Kennslustjórar hittast reglulega undir stjórn verkefnastjóra og eiga fulltrúa á samráðsfundum stjórnenda sem haldnir eru í hverri viku. Kennslustjórar skila skýrslum til verkefnastjóra í lok hvers skólaárs. Í skýrslunum velta kennslustjórar fyrir sér því starfi sem fer fram í skólanum. Sérstök áhersla er á þær kennsluaðferðir og það námsmat sem notað er í skólanum.

Fátt hefur verið rætt meira en gervigreind og áhrif hennar á skólastarfið. Við í FG höfum einnig tekið þátt í umræðunni. Við fengum fyrirlestur síðastliðið haust og svo aftur á skólaárinu. Í kjölfar þess var skipaður

verkefnahópur til að skoða hvernig best er að nota gervigreind í skólastarfi. Í hópnum er tölvuumsjónarmaður og fjórir kennarar. Hópurinn mun skila skýrslu á næsta skólaári. Það sést á skýrslum kennslustjóra að kennarar eru að bregðast við tilkomu gervigreindar. Fleiri og fleiri kennarar nota gervigreind til að undirbúa sína kennslu ásamt því að nota hana með nemendum. Allt er þetta á tilraunastigi og allir að læra. Annað sem kennarar hafa velt fyrir sér er hvernig mögulegt sé að búa til vinnuumhverfi þar sem ekki er hægt að nota gervigreind. Svar margra kennara hefur verið Inspira og ritunarverkefni með gögnum í tímum. Hefur þetta tekist vel og er góð leið til að þjálfar nemendur að vinna án gervigreindar. Nokkrir kennarar eru farnir að láta nemendur skrá vinnu sína með gervigreind í APA 7 kerfinu. Allt er þetta á frumstigi og verður spennandi að sjá hvert þetta leiðir okkur. Annað sem hefur aukist er notkun á munnlegum skilum, bæði í formi prófa og við skil á verkefnum.

Áfram heldur sú þróun að nám í skólanum sé meira eða minna verkefnamiðað. Bæði sem samvinnuverkefni og sem einstaklingsverkefni. Nóg er að prófum í skólanum en stór lokapróf í dagskóla hafa alveg horfið. Áfram fara fjarnemar í stór lokapróf eða lokaverkefni í skólanum til að tryggja hver vinni verkið. Margir kennarar eru að fóta sig áfram með leiðsagnarnám. Þeir sem hafa notað þá aðferð tala um að hún sé góð en erfitt sé að nota hana þar sem hún er mjög tímafrek. Mikil notkun á allskonar forritum eins og Nearpod, Padlet, Google Classroom er í flestum deildum. Vendikennsla er einnig notuð víða. Auðvitað eru ekki allir kennarar sammála þessari nálgun og vilja frekar hafa stór lokapróf. Þetta er umræða sem stöðugt er í gangi.

Flestar kennslustjórar taka fram að árangur sé svipaður og á síðustu árum. Í nokkrum deildum er talað um að árangur sé jafnvel betri.

Vandi drengja er víða ræddur í samfélaginu, einn þáttur sem tengist því er að drengir séu ekki nægilega virkir í námi. Hér innan skólans höfum við rætt þetta líka. Nokkrir kennarar hafi farið áhugaverða leið til að auka virkni drengja með því að nota meira hlutverkaleiki í kennslu. Sama hvort um sé að ræða tölvuleiki eða aðra leiki í kennslustofunni. Þeir kennarar sem hafa gert þetta segja að virkni drengjanna aukist til muna í slíkum verkefnum.

Aukning varð í fjarnámi við skólann. Svo virðist sem það henti nemendum vel að hafa loturnar styttri eins og gert er í þriggja anna kerfi. Áfram er lögð áhersla á að allir fjarnemar mæti í lokapróf eða lokaverkefni í skólanum.

Þær áskoranir sem kennarar standa frammi fyrir eru margar. Þær helstu að mati kennara eru eftirtaldar:

1. Nemendur eru ekki nægilega duglegir við að bera sig eftir þeim björgum sem standa þeim til boða. Hér erum við að tala um leiðbeiningar frá kennara, myndbönd og ýmislegt sem stendur þeim til boða.
2. Borið hefur á því að nemendur vilji síðar skila verkefnum sínum skriflega. Að þeir vilji síður skila þeim í formi myndbanda, hlaðvarpa eða á annan munnlegan hátt. Nemendur virðast eiga erfitt með að lesa leiðbeiningar, þeir vilja frekar fá þær munnlega. Spurning er hvort þetta sé vandi eða einfaldlega þróun frá hinu skrifaða máli yfir í það talaða.
3. Sumir kennarar benda á að seigla nemenda sé minni en áður. Að nemendur séu fljótari að gefast upp.
4. Sú þróun hefur átt sér stað í skólanum að nemendur sem teknir eru inn í skólann eru með hærri einkunnir úr grunnskóla. Það hefur leitt til þess að undirbúningsáfangar í kjarnagreinum eru sjaldnar í boði. Sem hefur þær afleiðingar að möguleikar nemenda á sérnámsbraut til að taka áfanga við hæfi hefur þrengst.

Þó skiptar skoðanir séu á þeim breytingum sem átt hafa sér stað í FG þá teljum við það ánægjulegt að sjá að í skólanum er beitt fjölbreyttum kennsluaðferðum og fjölbreyttu námsmati. Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá að flestir kennarar skólans eru stöðugt að prufa eitthvað nýtt.

5.3. Viðhorf nemenda

Allt frá árinu 1999 hafa kennslukannanir verið lagðar reglulega fyrir nemendur, niðurstöður þeirra hafa verið birtar í sjálfsmatskýrslum skólans frá 2004. Könnunin hefur verið framkvæmd á netinu aðra

hverja önn frá haustönn 2021 gegnum kennslukerfið í INNU og er lögð fyrir alla nemendur í öllum námshópum. Skólaárið 2023-2024 voru gerðar tvær kannanir; haust- og vorönn.

Haustönn 2023 dagskóli

Svarhlutfall dagskólanema í kennslukönnuninni á miðönn 2022-23 var 66,88%.

Matskvarði	
Fimma	Mjög - vel/- gott/- ánægð(ur)/-sammála/-stundvís
Fjarki	Vel/gott/ánægð(ur) –frekar –sammála/-stundvís
Þristur	Í lagi
Tvistur	Frekar óánægð(ur) /-ósammála/-stundvís – ekki nógu vel/-gott
Ás	Mjög óánægð(ur)/-ósammála/-óstundvís/- alls ekki nógu vel/-gott

Kennslumat á haustönn 2023 – dagskóli

Dagskólaspurningar - Spurningar um kennara og kennslu									
Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Þristar	Tvistar	Ásar	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.	
Hvernig er samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	1103	782	336	114	46	2381	4,17	0,97	
Hvernig er kennarinn undirbúinn fyrir kennslustundir?	1388	709	222	37	22	2378	4,43	0,80	
Tekst kennaranum að gera til að gera námið áhugavert?	975	663	446	184	115	2383	3,92	1,15	
Telur þú að endurgjöf kennarans varðandi verkefni og próf sé hjálpleg?	1086	749	354	113	59	2361	4,14	1,00	
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	1015	767	371	153	67	2376	4,06	1,05	
Er kennarinn stundvís?	1499	656	181	24	15	2375	4,52	0,73	
Hvernig líður þér almennt í áfanganum?	1015	767	378	99	73	2367	4,11	1,02	
Samtals:	8051	5093	2028	724	397	16621	4,19		
Meðaltal á skalanum 0 til 10							8,38		

Fjarkennsla haustönn 2023

Svarhlutfall fjarnema í kennslukönnuninni á haustönn 2023 var 25,45%.

Kennslumat á haustönn 2023– fjarkennsla

Fjarkennsluspurningar - Spurningar um námskeið									
Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Þristar	Tvistar	Ásar	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.	
Hversu vel svarar kennarinn fyrirspurnum?	41	31	25	2	8	108	3,86	1,19	
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	37	35	25	6	4	107	3,89	1,06	
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	46	24	26	8	4	108	3,93	1,14	
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	43	20	31	12	4	110	3,78	1,18	
Samtals	167	110	107	28	20	433	3,87		
Meðaltal á skalanum 0 til 10							7,73		

Kennslumat á vorönn 2024 – dagskóli

Dagskólaspurningar - Spurningar um kennara og kennslu

Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Pristar	Tvistar	Ásar	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.	
Hvernig er samræmið milli kennslu og prófa/verkefna kennarans?	1018	633	312	103	57	2123	4,15	1,02	
Hvernig er kennarinn undirbúinn fyrir kennslustundir?	1206	576	240	50	37	2119	4,36	0,90	
Tekst kennaranum að gera til að gera námið áhugavert?	868	597	359	171	129	2124	3,90	1,20	
Telur þú að endurgjöf kennarans varðandi verkefni og próf sé hjálpleg?	990	611	324	120	74	2119	4,10	1,07	
Hversu ánægð(ur) ertu með leiðbeiningar og útskýringar kennarans?	932	626	344	135	85	2122	4,03	1,10	
Er kennarinn stundvís?	1331	559	199	13	19	2121	4,49	0,76	
Hvernig líður þér almennt í áfanganum?	960	660	344	91	69	2123	4,11	1,03	
Samtals:	7305	4262	2111	683	470	14851	4,16		
Meðaltal á skalanum 0 til 10							8,32		

Fjarkennsla vorönn 2024

Svarhlutfall fjarnema í kennslukönnuninni á haustönn 2023 var 25,45%.

Kennslumat á haustönn 2023– fjarkennsla

Fjarkennsluspurningar - Spurningar um námskeið									
Samantekt um námskeiðið	Fimmur	Fjarkar	Pristar	Tvistar	Ásar	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.	
Hversu vel svarar kennarinn fyrirspurnum?	44	35	35	5	8	127	3,86	1,19	
Hversu ánægð(ur) ertu með glósur og gögn sem kennarinn sendir?	57	35	21	10	4	127	3,89	1,06	
Hversu ánægð(ur) ertu með skil kennarans á verkefnum?	52	33	28	10	4	127	3,93	1,14	
Hversu ánægð(ur) ertu með áfangann í heild?	46	31	28	13	5	123	3,78	1,18	
Samtals	199	134	112	38	21	235	3,87		
Meðaltal á skalanum 0 til 10							7,73		



Eins og sést á samanburðartöflunum er árangurinn í heild góður og hefur hækkað eftir að þriggja anna kerfið var tekið upp. Hafa verður í huga við samanburð að kannanir eru ekki fulllega sambærilegar. Spurningar breyst lítillega þó reynt sé að hafa þær sambærilegar og þátttaka er misgóð milli anna. Svarhlutfall er yfirleitt mest á haustönnum. Hér er ekki gerð grein fyrir opnum spurningum en nemendur geta skrifað athugasemdir um áfangana. Margir hafa nýtt sér þann möguleika og eru athugasemdir í flestum tilfellum málefnalegar. Eins er ljóst að þegar kennarar og stjórnendur hvetja til þátttöku þá eykst svarhlutfall. Skólaárið 2023-24 voru tvær kannanir lagðar fyrir, haust og vor en skólaárið 2024-2025 verður könnunin aðeins gerð á miðönn.

Nemendur hafa ætíð verið virkir í umbótastarfi innan skólans. Þeir eiga tvo fulltrúa í skólaráði og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Tvisvar á skólaári, á haust- og vorönn, eru haldnir fundir með nemendum, s.k. opnir fundir, þar sem þeim gefst tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri við stjórnendur og forystumenn félagslífsins. Margar nýjungar í skólustarfi skólans og aðbúnaði nemenda eiga rætur sínar að rekja til slíkra funda.

Tveir opnir fundir voru haldnir með nemendum venju samkvæmt skólaárið 2023 og 2024.

Sá fyrri var haldinn 4. október og sá seinni 28. febrúar. Á fundunum auglýstu fulltrúar nemenda það sem fram undan var í félagslífinu og einnig komu fram ýmsar ábendingar og athugasemdir um skólafélagið. Mikilvægt er að raddir nemenda heyrast í skólafélaginu og lýðræði er nokkuð sem mikilvægt er að standa vörð um.

Skólafélagið er haldið annað hvert ár, síðast þann 6. desember 2022 þar sem rúmlega 500 nemendur tóku þátt. Skólafélaginu er ætlað að vera vettvangur þar sem nemendur fá tækifæri til að tjá sig um skólann og skólameininguna. Síðan er hugmyndin að niðurstöðum skólafélagsins verðar hafðar til hliðsjónar við stefnumótun innan skólans. Fundargerðir opinna funda og niðurstöður skólafélaga eru birtar á [heimasíðu skólans](#).

5.4. Starfsmannasamtöl og líðan starfsfólks

Starfsmannasamtöl fóru síðast fram í desember 2023 en þá voru tekin viðtöl við alla kennara skólans. Skólameistari og aðstoðarskólameistari sáu um samtölin og fylgdu fyrir fram ákveðnum spurningum sem gengið var út frá í hverju samtali. Viðtöl þessi voru tekin til að fylgja eftir kennslukönnunum. Að þessu sinni var athyglinni einkum beint að kennsluþættinum, líðan kennara í starfi og starfþróun þeirra.

Líðan starfsmanna og möguleikar þeirra til vaxtar í starfi hefur ætíð verið mikilvægur þáttur í starfi Fjölbautaskólans í Garðabæ. Margir hafa komið að því starfi með mismunandi áherslum, ýmist sem lið í hópefli eða hollri næringu og lífsháttum.

Stjórn starfsmannafélagsins hefur verið ötul í að bjóða upp á styttri skemmtiferðir, skemmtanir og ýmislegt sem hefur eflt samkennd og jákvæðni í starfsmannahópnum. Skólinn býður upp á ávexti einu sinni í viku til viðbótar við kaffi og kex ásamt því að hvetja til samverustunda ýmiss konar.

Boðið er upp á vatn, kolsýrt eða hreint, úr vatnsvél og kaffi/kakó úr þar til gerðri vél í matsal starfsmanna. Jákvæðir og ánægðir starfsmenn eru mikill mannauður og allt sem stuðlar að bættri líðan starfsmanna er af hinu góða. Með tilkomu áætlana varðandi jafnrétti, starfsþróun, einelti og stefnu í starfsmannamálum hefur verið stigið mikilvægt skref til heilla fyrir starfsmenn. Starfsmönnum stendur til boða líkamsræktarstyrkur í formi niðurgreiðslu kostnaðar vegna líkamsræktar.

Skólinn er þátttakandi í verkefninu Grænum skrefum í ríkisrekstri (5 skref) og var 5. skrefið staðfest í janúar 2022 og vinna og markmiðssetning í því verkefni heldur áfram. Skólinn hefur samgöngustefnu sem birt er á heimasíðu skólans og er hluti af umhverfisstefnunni. Loftslagsstefna FG var birt í lok árs 2021 og einnig varð til fræðslu- og aðgerðaráætlun í tengslum við hana.

Eins og aðrar ríkisreknar stofnanir hefur FG tekið þátt í könnuninni Stofnun ársins. Útkoma skólans hefur verið góð og varð skólinn í sextánda sæti af 45 í flokki meðalstórra stofnana 2023 með heildareinkunn 4,18.

5.5. Forvarnir og öryggi á vinnustað

Öryggisnefnd og öryggisfulltrúi eru stafandi við skólann. Nefndin fundar reglulega, gerir þarfagreiningu, áhættumat og fer yfir ferla og lagfærir þá svo engin vafamál séu ef eitthvað óvænt kemur upp á.

Forvarnarfulltrúi hefur starfað við skólann frá árinu 1998 og haldið úti öflugum forvarnarstarfi. Honum til halds og trausts er forvarnarteymi, en í því eiga sæti einn fulltrúi stjórnenda, námsráðgjafar, fulltrúi kennara, forvarnarfulltrúi og félagsmálafulltrúi. Það er mikill styrkur fyrir þann sem gegnir starfi forvarnarfulltrúa að hafa gott fólk með sér í helstu verkefni og hefur þetta fyrirkomulag ætíð gefist

mjög vel. Forvarnarteymið fundar reglulega og vistar fundargerðir á samskrá kennara. FG er þátttakandi í verkefninu heilsueflandi framhaldsskóli. Heilsuefling er sameiginlegt verkefni stjórnenda, starfsmanna og nemenda skólans. Markmiðið er að bæta heilsu og líðan þeirra sem starfa og nema við skólann. Stefnt er að því að tryggja eins góða og heilsusamlega vinnuaðstöðu og unnt er. Jafnframt eru nemendur og starfsmenn hvattir til virkrar þátttöku og aukinnar meðvitundar um gildi bættrar heilsu og líðanar. Heilsustefnunni er ætlað að hafa áhrif á allar daglegar venjur og starf í skólanum. Meginmarkmið forvarnarstefnu skólans er að stuðla að heilbrigðum lífsháttum nemenda án neyslu áfengis, tóbaks eða annarra vímuvaldandi efna. Forvarnarfulltrúi er á dansleikjum og öðrum skemmtunum nemendafélags skólans auk þess að skipuleggja fræðslu fyrir nemendur. Forvarnarteymið leggur mikla áherslu á áframhaldandi uppbyggingu á jákvæðum skólabrag.

5.6. Námsmat

Námsmat hefur verið í stöðugri þróun í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ síðustu ár og raunar áratugi. Kennarar hafa tileinkað sér fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir og lokaprófum hefur fækkað með tilkomu þriggja anna kerfisins. Sérstakir dagar ætlaðir til námsmats eru eftir sem áður 30 en síðustu ár hafa skilgreindir prófadagar á önn verið þrír en frá og með hausti 2024 verða ekki skilgreindir sérstakir prófadagar í dagskóla. Einnig er möguleiki að taka próf á námsmatsdögum ef nemendur missa af prófi á önninni af einhverjum orsökum. Í fjarnámi verða áfram skilgreindir tveir prófadagar fyrir lokapróf og einn fyrir sjúkrapróf. Þróun notkunar á innsperakerfinu hefur haldið áfram og eins hefur munnlegt námsmat aukist í einstökum áföngum.

5.7. Námsáætlanir

Allengi hefur sú krafa verið gerð til kennara að námsáætlun liggi fyrir í hverjum áfanga strax í fyrstu kennsluviku hvernar annar. Námsáætlanir skulu settar á kennslukerfisvef INNU. Kennarar miða við staðlaða námsáætlun sem aðgengileg er á innra neti skólans. Þær kröfur eru gerðar að í námsáætlun komi fram skipulag kennslu viku frá viku, fyrirkomulag námsmats, kennsluefni, kröfur um viðveru og annað sem snertir áfangann. Með þessu fyrirkomulagi er innra eftirlit með uppbyggingu hvers áfanga, tryggt er að upplýsingar til nemenda komist strax til skila og efasemdir um ýmis atriði varðandi námsmat koma ekki upp. Námsáætlanir eru einnig aðgengilegar forráðamönnum sem þá eru betur upplýstir um uppbyggingu námsins. Hægt er að skoða allar námsáætlanir inni á kennsluvef INNU flokkaðar eftir hverri önn.

5.8. Kennslukerfi í INNU

Á haustönn 2018 var kennslukerfi í INNU tekið í notkun í FG og hefur það verið í þróun síðan. Ýmsar breytingar hafa orðið í tæknilausnum í framhaldi af covid tímabilinu og eru þær í sífelldri endurskoðun.

5.9. Starfsþróun kennara

Í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ starfa vel menntaðir kennarar. Hópurinn samanstendur af kennurum með langa starfsreynslu og yngri kennurum sem eru að feta sín fyrstu spor í starfinu. Í stofnanasamningi kennara og skólayfirvalda er menntun veigamikill þáttur í launum og mikilvægt er að hvatning til starfsþróunar sé hluti samningsins. Stjórnendur skólans hafa stutt kennara til starfsþróunar á starfstíma skólans t.d. með sveigjanleika í töflugerð. Starfsþróun kennara getur verið með ýmsu móti, skólinn stendur stundum fyrir staðnámskeiðum sem þá eru hugsuð þvert á námsgreinar, allmargir kennarar skólans hafa tekið þátt í vettvangsnámi þar sem unnið er í samvinnu við kennara úr öðrum völdum skólum svo og taka kennarar þátt í námskeiðum á vegum fagfélaga á skilgreindum tíma til starfsþróunar að sumri. Skólinn stóð fyrir námskeiði fyrir upphaf haustannar um gervigreind auk þess

sem leitað var til kennara innan skólans að kynna kennsluaðferðir sem þeir töldu gagnlegar. Þá var haldið námskeið um Inspira á hautönn. Þá voru lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna kynnt fyrir kennurum, skólanefnd, forystufólki NFFG

5.10. Umsjónarkerfið

Umsjónarkerfið hefur verið að mótast og þróast síðustu ár með það að markmiði að bæta skólasókn nemenda, auka upplýsingastreymi til þeirra og kenna þeim betur á áfangakerfið í heild. Við sjáum framfarir í ýmsum þáttum, þó það virðist eilífðarverkefni að bæta skólasóknina.

Í samræmi við styttri námstíma hefur fyrirkomulagi umsjónarkennslu verið breytt lítillga. Nemendur hafa sama umsjónarkennara í tvö ár. Að því loknu fá þeir þjónustu hjá námsráðgjöfum og áfangastjóra sem fer yfir feril þeirra og hjálpar þeim að velja fyrir sína síðustu önn. Nemendur á síðustu önn fara til aðstoðarskólameistara sem skráir þá til útskriftar og gætir þess að ferill þeirra sé í lagi. Með þessu er reynt að tryggja að nemendur lendi ekki í vandræðum á síðustu önn með sinn feril. Þetta fyrirkomulag er í stöðugri endurskoðun.

5.11. Úttekt á deildum

Allt frá árinu 2011 hefur skólinn, auk hefðbundins sjálfsmats, tekið út eina námsgrein / deild sérstaklega til nánari skoðunar. Skoðaðir eru kennsluhættir, árangur nemenda, menntun og undirbúningur kennara, styrkleikar og veikleikar hans svo og líðan nemenda í kennslustundum og líðan kennara í starfi. Skólaárið 2023-224 var deild stærðfræði tekin út.

Úttektirnar eru bæði megindelegar og eigindlegar og stuðst er við viðmið fyrir sjálfsmat sem mennta- og barnamálaráðuneyti (áður mennta- og menningarmálaráðuneyti) leggur til grundvallar. Úttektin náði til þeirra fjögurra kennara sem kenndu stærðfræði í dagskóla á vorönn 2024.

Úttektirnar eru eins uppbyggðar frá ári til árs til að niðurstöður séu sambærilegar. Sjá [Sjálfsmatsskýrslur](#) frá 2010 -2023. Skipulagning og framkvæmd úttektarinnar var í höndum aðstoðarskólameistara, verkefnastjóra og skólameistara.

Tímasetningar og verkframvinda

Skrifleg könnun meðal nemenda í stærðfræði var lögð fyrir í apríl. Verkefnastjóri hafði umsjón með þessum þætti úttektarinnar. Spurningar voru alls 21 og má sjá þær í viðauka !.

Könnunin fór fram dagana 15.-18. apríl 2024. Um viðverukönnun var að ræða. Farið var í alla stærðfræðihópa á vorönn 2024. Spurningum var svarað í Survey Monkey. Fjöldi nemenda sem tóku þátt voru 182, þar af voru karlar 45,1%, Konur 53,8% og aðrir 1,1%. Nemendur fæddir árið 2004 eða fyrr voru 3,3%, fæddir 2005 voru 9,9%, fæddir 2006 voru 26,4% og nemendur fæddir árið 2007 eða síðar 60,4%.

Almennt séð voru nemendur nokkuð sáttir við kennara sína og kennslu, eins og við sjáum í könnunum í öðrum deildum skólans. Þegar kyn var notað sem frumbreyta þá reyndist vera lítill munur á viðhorfi kynjanna. Samt kemur í ljós að konur voru heldur gagnrýnni en karlar þó ekki munaði miklu. Þegar fæðingarár er notað sem frumbreyta þá kemur einnig í ljós lítill munur en þó sést að yngri nemendur eru gagnrýnni en þeir sem eldri eru.

Ef niðurstöðurnar eru bornar saman við niðurstöðum úr öðrum deildum skólans þá kemur í ljós að nemendur segja að kennarar í stærðfræði séu vel undirbúnir og skili verkefnum hratt og fljótt til baka. Um 50% nemenda í stærðfræði telja að próf og verkefni séu ekki sanngjörn miðað við um 13% nemenda í öðrum deildum skólans. Athyglisvert er að nemendum í stærðfræði líður ekki eins vel og nemendum í öðrum deildum áföngum skólans. Einnig segja þeir að kennsluaðferðir og námsmat sé

ekki eins fjölbreytt og í öðrum deildum skólans. Hvort þarna sé eitthvað samhengi á milli er vert að skoða nánar.

Seinni hluti úttektarinnar var tvíþættur og sneri að kennurum deildarinnar. Annars vegar voru viðkomandi kennarar heimsóttir í kennslustundir og voru þær heimsóknir í höndum aðstoðarskólameistara. Hins vegar voru tekin persónuleg viðtöl við alla kennarana og sá aðstoðarskólameistari um þau viðtöl.

Heimsóknirnar fóru fram í síðustu viku apríl og fyrstu viku í maí, allar í 80 mínútna kennslustundir og voru þrjár kennarar deildarinnar heimsóttir í eftirfarandi áfanga: STÆR2fj05 og STÆR3hv05, og STÆR3fa05. Sá kennari er lét af störfum í vor var ekki heimsóttur.

Tilviljun réði því hvaða tímar voru heimsóttir hjá hverjum kennara. Skráð var niður í hverri kennslustund og spjallað aðeins við nemendur meðan á kennslustund stóð. Þættir til skoðuðunar voru upphaf kennslustund, hvernig athygli nemenda er háttað, agastjórnun, undirbúningur kennara fyrir kennslustundina, kennsluáferðir og tímaskipulag.

Upphaf allra kennslustundanna var svipað, hófst á upplestri, stuttri tengingu við síðustu kennslustund og hvað framundan væri. Ein kennslustundin hófst á leik þar sem nemendur áttu að finna hnit í gröfum eftir formúlu. Nemendur sýndu því verkefni mikinn áhuga og verkefnið heppnaðist vel en þó voru nemendur voru svolítið misfljótir að átta sig og í samtali við kennarann var rætt um hvort gott hefði verið að gefa þessum þætti lengri tíma..

Í tveimur kennslustundum voru 22 mættir af 29 en í einni voru 14 mættir af 15. Langflestir nemendur voru virkir og lögðu sig fram. Ánægjulegt var að fylgjast með nemendum sem virtist ljóst hver markmið kennslustundarinnar væru, lögðu sig fram við að skilja verkefnið, hjálpuðust að og sýndu góðan eða nokkuð góðan skilning á efninu. Sammerkt var að í fyrri hluta kennslustundanna létu nemendur ekki truflast en einbeitingarskortur jókst aðeins eftir því sem leið á. Nemendur voru ekki feimnir við að leita sér hjálpar og fengu yfirleitt greið svör.

Athugað var með símanotkun fjórum sinnum í hverri kennslustund og gleðilegt er að símanotkun var fremur lítil og virtist ekki vera vandamál:

Hópur	Í upphafi	Eftir 20 mín.	Eftir 40 mín.	Eftir 60 mín.
1	0	5	2	0
2	0	1	2	4
3	2	3	1	5

Sammerkt var með öllum kennurum var að þeir voru mjög vel undirbúnir, kennslan „flaut“ vel og skipulag kennslunnar var yfirleitt fjölbreytt og gott. Í einu tilfelli var unnið í hópum og velta má fyrir sér hvort hópaskipting hefði átt að vera markvissari og í öðru tilfelli endaði kennslustund á að skiladæmi eða próf var skoðað. Þar má velta fyrir sér hvort það hefði mátt vera með ákveðnari hætti þar sem nemendur voru orðnir svangir og skoðuðu því verkefnið mjög lítið. Kennarar voru allir afar virkir í kennslustundunum og höfðu mikið að gera. Þeir voru allir með einhvers konar innlögn í fyrri hluta kennslustundar en gengu eftir það á milli og aðstoðuðu hópa eða einstaklinga eftir því hvernig vinnu var háttað. Nemendur voru duglegir að óska eftir hjálp og ef margir voru með áþekkar spurningar var gripið til töflunnar til útskýringa. Námsfni var sett fram á fjölbreyttan hátt, vísað í aukafni eins og myndbönd og nemendur hvattir til að nýta sér ýtarefni. Einhver dæmi og sannanir voru sýnd á töflu skref fyrir skref og það gert á þann hátt að nemendur áttu auðvelt með að fylgjast með. Í kennslustundum var svo vísað aftur í fni á töflunni og nemendur gátu nýtt aðferðir sýnidæma.

Samskipti nemenda og kennara voru í öllum kennslustundum mjög góð og einkenndust af virðingu og hlýju á báða bóga. Kennarar hrósuðu nemendum fyrir það sem vel var gert og sömuleiðis heyrðust nemendur þakka kennurum fyrir góða kennslu og leiðsögn. Kennslustofan var hefðbundin í öllum áföngunum og fremur þröngt um nemendur í hópvinnu. Þá nefndi einn kennari að erfitt væri að vinna eftir hugmyndafræði „hugsandi kennslustofu“ þar sem tafla væri mjög lítil í þeirri kennslustofu sem hann kenndi þessa kennslustund í.

Viðtöl við kennara fóru fram í fyrstu viku í maí á skrifstofu aðstoðarskólameistara. Fyrir lágu eftirfarandi spurningar, þær sömu og lagðar voru til grundvallar í viðtölum við kennara í úttekum fyrri ára. Fyrir lágu eftirfarandi spurningar, þær sömu og lagðar voru til grundvallar í viðtölum við kennara í fyrri úttekum.

1. Menntun kennarans - fagþekking?
2. Starfsreynsla?
3. Styrkleikar og veikleikar í starfi?
4. Hvernig gengur á þessari önn? Mætti eitthvað fara betur?
5. Líðan í starfi?
6. Vinnuaðstaða?
7. Vinnuandi í deildinni?
8. Samskipti í deildinni?
9. Samskipti við stjórnendur?
10. Námsmat - próf/prófafyrirkomulag. Hvað mætti betur fara?
11. Möguleikar á starfsþróun?

Kennarar í stærðfræði voru fjórir á vorönn 2024 á aldrinum 40-67 ára. Einn kennari enn kennir reglulega stærðfræðiáfanga við skólann en kenndi ekki á vorönn. Þrjár til fjórar konur kenna að jafnaði stærðfræði og einn karl. Öll eru með réttindi til kennslu á framhaldsskólastigi og með fjölbreytt nám að baki. Þá hafa fjórir kennaranna lokið meistarárprófi þar af einn í stærðfræði.

Kennararnir hafa starfað lengi við skólann frá 11 árum upp í 22 ár og einn lauk starfsferli sínum vorið 2023. Í viðtölum við kennara kom fram að þeim líður vel í starfi og andinn í deildinni væri almennt góður þó væri faglegt samstarf fremur lítið en allir væru boðnir og búnir til að rétta hjálparhönd ef þyrfti. Deildarfundir eru haldnir reglulega og algengast eru að þar séu skipulagsleg atriði fremur en fagleg til umræðu og lítið eða ekkert er rætt um starfsþróun og námstækifæri.

Þegar kom að umræðum um kennslu, nýtingu kennslustunda og fyrirkomulag námsmats tengdist öll umræðu þriggja anna kerfinu. Einn kennari komst svo að orði að stærðfræðin væri að lenda vel í þriggja anna kerfinu eftir töluverða þróunarvinnu og aðlögun. Breyta hefði þurft uppbyggingu kennslustunda og töluverð þróunarvinna hefði verið unnin tengd námsmati. Nú væri yfirleitt tvö próf í hverjum áfanga í stað þriggja áður og það væri kostur og rammaði kennsluna vel inn. Flestir áfangar væru þannig upp byggðir að í þeim væru tvö 25% próf og svo fjögur til fimm skilaverkefni. Flestir nefndu að kennslufræðilega væru 120 mínútna kennslustundirnar áskorun og eins koma fram að erfiðara væri að mynda persónuleg tengsl við nemendur á þremur önnum en tveimur en að þau skiptu miklu máli fyrir árangur nemenda. Einn kennari var á því að eftir umskipti úr tveggja anna kerfi í þriggja væru áfangar almennt „léttari“ en samt væru nemendur alltaf verri og verri og allt strandaði á vinnuframlagi þeirra.

Hvað varðar námsmat kom einnig fram að heimaverkefni væru of svipuð að byggingu eða of lík og deildin þyrfti að vinna í fjölbreytni þar, huga að hópverkefnum og kannski raunhæfari verkefnum. Það væri meira hvetjandi að vinna verkefni sem væru ekki alltaf nákvæmlega eins upp byggð.

Heildarniðurstaða úttektarinnar er að Fjölbautaskólinn í Garðabæ hefur á að skipa góðum kennurum í stærðfræði og að nemendur eru yfirleitt ánægðir með nám sitt og kennslu í stærðfræði.

Þróunarvinna kennara að "hugsandi skólastofu" lofar mjög góðu og mikilvægt er að skólinn standi með kennurum í þróunarvinnunni. Þá er viðvarandi verkefni að vinna í viðhorfum nemenda til greinarinnar.

5.12. Mat á starfi stjórnenda

Gert er ráð fyrir að könnun meðal nemenda um stjórnendur sé gerð reglulega. Síðasta könnun var lögð fyrir skólaárið 2021 -2022. Stjórnendur hafa opið inn á skrifstofu til sín og allir geta komið og rætt við þá. Ef lokað er inn á skrifstofu þýðir það að viðkomandi er á fundi eða upptekinn við annað.

6. Önnur starfsemi

6.1. Bókasafn

Gert er ráð fyrir að könnun meðal nemenda um þjónustu bókasafnsins verði gerð reglulega, könnunin var síðast framkvæmd skólaárið 2021 -2022. Frá þar síðustu könnun (2013) hafa miklar breytingar orðið á bókasafninu og þar orðið meira vinnurými en áður og bóka fjöldi safnsins hefur verið grísjáður töluvert. Hluti safnsins er aflokað lesrými og svo er innsti hluti safnsins orðinn að lokuðu vinnurými með glervegg þar sem hægt er að vinna með ýmis tæki eins og þrívíddarprentara, vínyskera o.fl. Laserskeri bættist við á haustönn 2022. Þessi tæki eru tengd ákveðnum áföngum eins og staðan er í dag en þróunin er að fleiri eru að taka þessa tækni í gagnið og nýta sér möguleikana sem þau bjóða upp á.

Meginverkefni á bókasafni snúa að:

- Safnakynningum og kennslu
- Aðstoð við nemendur s.s. heimildaleit og heimildavinnu
- Aðstoð við tæki og tól á safni s.s. hitaprentara, 3D prentara, laserskera
- Útlán námsgagna
- Umsjón með föndurvögnum
- Flokkun og skráning í Gegni
- Innkaup
- Þátttöku í ýmsum þverfaglegum teymum innan skólans

Vinnu við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Eftirfarandi er úr ársskýrslu umsjónarmanns bókasafns:

Starfsmenn safnsins voru tveir í 1,5 stöðugildum. Bókasafnið er opið alla virka daga frá klukkan 8 til 16. Safnið skiptist í þrjú rými. Lokað lesrými þar sem 19 nemendur geta verið í góðu næði. Lokað rými þar sem hægt er að vera með hópavinnu eða kennslu fyrir um 20 nemendur og 48 lessæti á ýmiss konar borðum.

Skólaárið 2023-2024 hefur verið frekar tíðindalítið hér á safninu. Safnið er alltaf mjög vel sótt af nemendum sem hafa verið til fyrirmyndar. Kennarar koma mikið með hópa og nemendur fá að fara úr tímum til að vinna á safninu. Það er alltaf töluvert mikil afgreiðsla. Nemendur vantar ótrúlegustu hluti, tölvur, hleðslutæki, vasareikna, heyrnartól, blýanta, blöð, strokleður, band, teninga o.s.frv. Þau þurfa einnig töluverða aðstoð við að prenta, vista og jafnvel finna skjölin sín.

Tækin á safninu hafa verið í mjög mikilli notkun á safninu bæði hjá nemendum og starfsfólki. Það er oft mikið fjör inni í hóparýminu þegar öll tækin eru í gangi í einu. Ánægjulegt er að sjá hvað nemendur eru orðnir opnari fyrir að nota tækin og koma oft með skemmtilega nálgun. Þó að safnið sé búið að vera í þeirri mynd sem það er núna í nokkur ár þá er þetta samt bara annað fulla skólaárið í breyttu safni. Sífelld kemur betur í ljós hversu

góð ákvörðun það var að fara í breytingar á safninu. Safnið í núverandi mynd kemur mun betur til móts við breytta kennsluhætti og styður við það fjölbreytta nám sem fram fer í skólanum.

6.2. Þjónusta skrifstofu, kerfisstjóra, umsjónarmanns fasteigna og skólaliða

- **Skrifstofa**

Á skrifstofu starfar skrifstofustjóri í 100% stöðu og skólafulltrúi í 80% starfi. Opnunartími afgreiðslu skrifstofu er frá 8–15:30 daglega nema föstudaga til kl. 15.00. Síðasti kennslutími dagsins er til kl.15:15 og kl.14:30 á föstudögum og því komast nemendur á skrifstofuna eftir síðasta tíma.

- **Kerfisstjóri**

Kerfisstjóri aðstoðar nemendur og kennara við dagleg störf tengd námi og kennslu. Hann vinnur náið með umsjónarmanni fasteigna varðandi öll tæknimál og er ráðgefandi um endurnýjun búnaðar.

- **Umsjónarmaður fasteigna og skólaliðar**

Umsjónarmaður fasteigna er á staðnum allan daginn og hægt að leita til hans með ýmis mál. Hann opnar skólann í upphafi dags og lokar honum eftir að skóla lýkur. Skólaliðar starfa við þrif. Skólaárið 2023-24 starfaði þrifnefnd við skólann sem fundaði fjórum sinnum. Hlutverk hennar er að fylgjast með hvernig þrifum er háttað í skólanum og taka fyrir ýmsar ábendingar og tillögur sem bærust um það efni.

6.3. Námsráðgjöf

Við skólann starfa tveir náms- og starfsráðgjafar báðir í fullu starfi. Skrifstofur námsráðgjafa eru opnar frá kl. 8:10-15:30 alla virka daga nema föstudaga til kl.15:00.

Meginverkefni náms og starfsráðgjafa snúa að:

- Ráðgjöf vegna námsframvindu
- Ráðgjöf vegna persónulegra mála
- Stuðningi og eftirfylgni við nemendur
- Stuðningi við nemendur með sértæka námsörðugleika
- Umsjón með sérúrræðum í prófum
- Kynningum fyrir nýnema og nemendur í 10. bekk
- Umsjónartími fyrir útskriftarefni með námskynningum
- Þátttöku í ýmsum þverfaglegum teymum innan skólans
- Vinnu við innleiðingu laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna

Eftirfarandi er úr ársskýrslu náms- og starfsráðgjafa fyrir skólaárið 2023-2024:

Starf námsráðgjafa er afar fjölbreytt og nemendur eru mjög duglegir að nýta þjónustu þeirra og er hver dagur fullnýttur í viðtöl og verkefni. Á bilinu 20-50 nemendur koma í viðtöl á hverjum degi. Hugmynd hefur verið um að setja á fót bókunarkerfi líkt og margir aðrir framhaldsskólar eru með til að stýra álagi námsráðgjafarinnar þar sem mikil aðsókn er eftir þjónustu. Mikilvægt verkefni námsráðgjafarinnar er að finna úrræði til að reyna að koma betur til móts við þá nemendur sem standa höllum fæti í námi. Samvinna við stjórnendur, kennara, foreldra og utanaðkomandi aðila eru lykilþættir í því að finna lausnir og úrræði fyrir þennan hóp.

Með nýju Farsældarlögunum eru bundnar vonir við að hægt sé að sinna þessum brothætta hópi enn frekar og fá skilvirkari úrræði í þeirra málum innan sem utan skólans. Öll teymisvinna námsráðgjafa er gríðarlega mikilvæg og stefnt er að því að halda áfram að efla samstarf við aðra fagaðila til að bera saman bækur og finna nýjar leiðir til að gera námsráðgjöfina skilvirkari.

Námsráðgjafar munu fara í alla umsóknarhópa þeirra nemenda sem eru að klára sitt annað ár og fara þar yfir ýmis hagnýt atriði s.s. umsóknarferli í háskóla hér og erlendis, kröfur um meiri tungumálakunnáttu ef stefnt er á nám á erlendri grundu og kynna vefsíður fyrir nám almennt. Síðustu heimsóknir til 2006 árgangsins skiluðu góðri umræðu um námsval á síðustu önnum nemenda og margir voru ánægðir með þessar upplýsingar þar sem stefnan er sett á nám erlendis.

Líkt og áður munu námsráðgjafar leggja mikla áherslu og metna í að bæta og efla ímynd skólans bæði innanhúss og utan með það að markmiði að nám í FG verði eftirsóknarverður kostur og að starfsumhverfi nemenda og starfsfólks sé eins og best verður á kosið.

Gert er ráð fyrir að könnun meðal nemenda um þjónustu námsráðgjafa verði gerð reglulega, könnun var framkvæmd skólaárið 2020 -2021. Niðurstaða þeirrar könnunar sýndi að 68% nemenda nýta sér þjónustu námsráðgjafa á hverri önn eða oftar. Af þeim meta 71% nemenda þjónustu þeirra mjög góða. Það er því ljóst að þjónusta náms- og starfsráðgjafa er vel metin og vel nýtt. Aðgengi að þeim er gott og nemendur hvattir til að leita til þeirra ef þeir þurfa aðstoð.

6.4. Nemendur í brotthvarfshættu

Margar ástæður liggja fyrir brotthvarfi nemenda frá námi og það ber að taka alvarlega ef nemandi finnur sig ekki í námi og leita þarf leiða til að finna viðeigandi úrræði fyrir viðkomandi. Ástæður brotthvarfs eru margar en ein þeirra er án nokkurs vafa ástundun nemandans og þá helst mætingar. Það er ljóst að nokkuð stór hluti nemendahópsins þarf mikið utanumhald og leiðsögn til að námið gangi sem best.

Á hverri önn eru alltaf einhverjir nemendur sem vilja skipta um skóla, gera hlé á námi vegna ýmissa ástæðna eina önn eða lengur og/eða fara í skiptinám. Þetta skólaárið voru það samtals 48 nemendur. Á haustönn voru það átta nemendur, á miðönn 21 og á vorönn 19. Áður en nemandi hverfur frá námi, sama hver ástæðan er, boða námsráðgjafar viðkomandi nemanda í greiningarviðtal og aðstoða hann við að finna lausn, hvort sem það er áframhaldandi skólavist, flutningur milli skóla eða leið út á vinnumarkað. Ef nemandi er yngri en 18 ára er haft samband við forráðamenn og þeir hafðir með í ráðum. Við lok vorannar höfðu fjórir af þessum 48 nemendum snúið aftur í skólann. Áhyggjuefni er hve margir hafa ákveðið að hverfa frá námi þetta skólaár miðað við undanfarin ár og aðeins lítill hluti þessara nemanda eða sjö nemendur sóttu um fyrir haustið 2023 þar af tveir skiptinemar. Vitað er að 10 af þessum nemendum fengu skólavist í öðrum skólum.

Eftirfarandi tafla sýnir hve margir hafa hætt í FG á önn 2014-2024:

Brotthvarf dagskólanemenda í FG árin 2014–2024*

Ár	Vor %	Haust %	Miðönn %	Alls á ári
2014	11/678=1,6%	18/766=2,3%		29
2015	17/672=2,5%	11/725=1,5%		28
2016	11/642=1,7%	11/736=1,5%		22
2017	11/699=1,6%	13/722=1,8%		24
2018	9/659=1,4%	9/725=1,2%		17
2019	4/629=0,6%	5/712=0,7%		9
2020	1/699=0,1%	2/735=0,3	9/633=1,4%	12
2021	3/675=0,4%	0/744=0%	12/698=1,7%	15
2022	5/682=0,7%	5/722=0,7%	10/673=1,5%	20
2023	0/658=0,0%	1/729=0,14%	10/665=1,5%**	11
2024	2/678=0,3%			

Byggt á skráningu skólaráðs og tilkynningum til MRN

** Talið er brottfall á þeirri önn sem hófst í nóvember 2023 og lauk í febrúar 2024.

Í stundatöflu FG eru smiðjutímar einu sinni á dag þar sem kennsla er óhefðbundin og meira einstaklingsmiðuð. Það er mismunandi hvernig kennarar nota smiðjutímana og hvort um skyldumætingu er að ræða en í flestum tímum geta nemendur fengið meiri aðstoð en í hefðbundnum kennslutímum.

7. LOKAORÐ

Í úttektum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, nú mennta- og barnamálaráðuneytis á sjálfsmatsaðferðum framhaldsskóla eru ýmis viðmið lögð til grundvallar. Við teljum þær aðferðir sem beitt er hér við sjálfsmatið uppfylla þessi atriði. Í viðamikilli starfsemi eins og starfsemi Fjölbautaskólans í Garðabæ er nauðsynlegt að meðvitað sé fylgst með einstökum þáttum, þeir vegnir og metnir með það að leiðarljósi að gera betur. Sjálfsmatsferlið hefur þróast í árunna rás, áætlun um sjálfsmat hverju sinni varðar veginn og reynt er að láta sem flesta í skólasamfélaginu koma að því. Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt að þeim atriðum sem áhugi er á að skoða fjölgar. Skólaárið 2023-2024 voru fastir liðir á sínum stað og mat hefðbundið..

Mikilvægt að halda áfram þróun innan skólans hvort sem það er í skólastofunni eða á stjórnarsýslustigi til að takast á við þær síbreytilegu áskoranir sem felast í menntun og að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi.

Garðabæ, september 2024

Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari
Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Viðauki I

1. Hvaða áfangi er þetta?
 - a. 2003 eða fyrr
 - b. 2004
 - c. 2005
 - d. 2006 eða síðar
2. Kyn þess sem svarar.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
3. Hvaða ár fæddist þú?
 - a. 2003 eða fyrr
 - b. 2004
 - c. 2005
 - d. 2006 eða síðar
4. Mér finnst kennarinn vera vel undirbúinn.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
5. Ég er sáttur/sátt við viðmót kennarans í minn garð.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
6. Mér finnst vinnuandinn í áfanganum vera góður.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
7. Kennarinn fylgist vel með því hvernig mér gengur í áfanganum.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
8. Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
9. Próf og verkefni áfangans eru sanngjörn.
 - e. Mjög sammála
 - f. Frekar sammála
 - g. Frekar ósammála
 - h. Mjög ósammála
10. Vinnuálag í áfanganum er hæfilega mikið.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
11. Mér líður vel í áfanganum.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
12. Námsfni áfangans hjálpar mér að skilja efni áfangans.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
13. Kennari skilar verkefnum fljótt til baka (innan viku frá lokum skilafrests).
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
 - e. Á ekki við
14. Kennarinn notar mismunandi kennsluaðferðir (töflukennsla, hópvinna, leikir...).
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
15. Kennarinn notar mismunandi námsmat (próf, ritgerðir, verkefni, nemenda-fyrirlestra...).
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
16. Kennarinn nær að gera efnið áhugavert.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
17. Kennarinn hefur stjórn á órólegum nemendum.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála
18. Kennari er duglegur að koma með viðbótarefni sem eykur skilning á efninu.
 - a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Frekar ósammála
 - d. Mjög ósammála

19. Kennari er áhugasamur um að nemendur sýni framfarir.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

20. Kennari fylgist vel með heimanámi nemenda.

- a. Mjög sammála
- b. Frekar sammála
- c. Frekar ósammála
- d. Mjög ósammála

21. Á ekki við Hvernig finnst þér þú sinna námi þínu í áfanganum?

- a. Mjög vel
- b. Frekar vel
- c. Frekar illa
- d. Mjög illa